

1869.

22. maí.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leigur af kornláni til suðuramtsins.

Í bréfi dagsettu 9. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt til bráðabirgða frá, hvernig þeim 5000 rd., sem veittir voru með bréfi dómsmálastjórnarinnar 3. ágústmán. f. á. til þess að afstýra hallæri í suðuramtinu á Íslandi, hafi verið varið, og hafið þér sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að leigan er reiknuð í skuldabréfum þeim, sem hlutaðeigandi sveitir hafa gefið fyrir kornlánnum, er þær hafa fengið, frá þeim degi, er skuldabréfin eru dagsett, jafnvel þó að sá dagur hafi ekki altaf borið uppá sama dag og peningarnir hafa verið borgaðir úr ríkissjóðnum.

Útaf þessa skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að samkvæmt því, sem þér hafið fært til, hefir dómsmálastjórnin ekki neitt á móti ákvörðun yðar um þetta efni.

29. maí.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort málaflutningsmenn megi mæta í umboði málspartanna fyrir sáttanefndum.

Með bréfi dagsettu 18. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem háyfirdómarinn í yfirdóminum á Íslandi, Þórður Jónasson, biður um vísbendingu frá dómsmálastjórninni um, hvort málaflutningsmönnunum í Danmörku sé leyft í öðrum tilfellum, en þeim, sem sérstaklega eru undan skilin, að mæta fyrir sáttanefndunum í umboði þeirra málsparta, sem eru viðstaddir í sáttanefndar-umdæminu, og, sé svo, hvort málaflutningsmönnunum, sem eru settir við yfirdóminn á Íslandi á líkan hátt sé heimilt að mæta fyrir sáttanefnd Reykjavíkur kaupstaðar. Hafið þér borið undir dómsmálastjórnina, hvort henni virðist tilefni til að gefa yfirdóminum vísbendingu um, hvort málaflutningsmönnunum í Danmörk hefir verið veitt almennt leyfi til at mæta fyrir sáttanefndun-

um, eða hvort ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 sé enn þá í gildi sem almenna reglan um þetta.

1869.
28. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það, að ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 smbr. opið bréf 31. desembermán. 1823 er enn sem fyr hin almenna regla, sem gildir um þetta efni í kóngsríkinu.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilmála fyrir því, að útlend skip geti öðlazt danskan þjóðernisrétt.

29. maí.

Í bréfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmáður, skýrt frá, að jaktskipinu „Livana“, eign Mandals fiskiveiðafélags í Noregi, hafi verið veittur þjóðernisréttur á Akureyri sem danskri eign, og skírt „Síldin“, og þareð jaktin reyndist 21 kaupskipalest að rúmmáli, þegar hún var mæld, þá hafi samkvæmt 49. grein í tilskipun 1. maímán. 1838 verið borgaðir 147 rd. í aðkaupsgjald; síðan hafi bæði formaðurinn á jaktinni og starfstjóri tæðs félags, sem er kominn til Akureyrar og hefir leigt sér lóð á Oddeyri, fengið borgararétt í kaupstaðnum. Í bréfi dagsettu 2. desembermán. s. á. hafið þér þar að auki skýrt frá, að búið sé að greiða aðkaupsgjald þetta í jarðabókarsjóðinn á Íslandi.

Útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifazt á við aðalskattastjórnina, og hefir hún skýrt frá, að þareð þau skip að eins verði álitin dönsk, og geti fyrir þá sök orðið aðnjótandi verndar dönsku stjórnarinnar, sem sannað er, að sé eingöngu eign dönsku stjórnarinnar eður danskra þegna, án þess að löggjöfin veiti heimild til að gjöra í því efni mun á einstökum mönnum og félögum né á ýmsum tegundum af félögum, þá hefði ekki átt að veita tæðri jakt þjóðernisrétt sem danskri eign, þar sem fiskiveiðafélag Mandals á hana eptir því, sem frá er skýrt, og